




Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Leikskólinn Grandaborg

2023 – 2024

Leikskólinn Grandaborg



Vinátta – Virðing - Samkennd

### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: Vinátta – Samkennd – Virðing .....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023 .....	5
2.1 Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024.....	5
3 Innra mat deildar .....	6
3.1 Greinargerð deildar.....	6
4 Innra mat sérkennslu.....	7
4.1 Greinargerð sérkennslustjóra .....	7
4.2 Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024.....	8
5 Innra mat – fjöltyngd börn .....	8
5.1 Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023 .....	8
5.2 Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024 .....	9
6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	9
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	9
8 Foreldrasamvinna.....	10
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	10
10 Fylgigögn.....	10
10.1 Skóladagatal 2023-2024 .....	10



# Leiðarljós leikskólans: Vinátta – Samkennd – Virðing

## 1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2022-2023 einkenndist af flóknum áskorunum leikskólann. Skólaárið hófst með miklum framkvæmdum sem tilkomu vegna myglu í húsnæði leikskólans sem olli töluverðum veikindum hjá starfsfólki. Því þurfti að grípa til faliðunar í leikskólanum strax í byrjun skólaársins. Föstudaginn 30.september er tekin ákvörðun um að loka skólanum við Boðagranda 9 og færa starfsemina annað þar sem kom í ljós að skólpleki var í kjallara hússins sem var einnig ástæða fyrir veikindum í starfsmannahópnum.

Barnahópnum var skipt í þrjá hópa og starfsemin flutt. Elsta deildin Klettavík fluttist í hús sem tilheyrir Ævintýraborg Eggertsgötu. Miðdeildirnar tvær Skeljavík og Ölduvík fluttust í húsnæði hjá Leikskólanum Sunnuás í Kringlunni 1 og yngsta deildin Fjöruvík fluttist í rými hjá Ævintýraborg Nauthólsvegi.

Talsverðar breytingar urðu í hópi starfsfólks í kringum þessa flutninga.

Í desember 2022 fluttust börnin á Skeljavík og Ölduvík úr Kringlunni yfir í nýtt húsnæði sem tilheyrir Leikskólanum Hagaborg og í lok janúar bættust börnin af Fjöruvík í hópinn þar. Þar með var starfsemi leikskólans Grandaborg komin í tvö húsnæði í hús við Fornhaga 8 hjá Hagaborg og í hús við Eggertsgötu 35 hjá Ævintýraborg Eggertsgötu. Samstarf við okkar gestgjafa leikskóla hefur gengið afar vel og þau eiga heiður skilin fyrir góðar móttökur og skilning á okkar flóknu stöðu.

Aftur þurfti þó að grípa til faliðunar sem stóð yfir frá því í febrúar og þar til í apríl. Vel gekk að ráða inn fólk til sumarafleysinga og Leikskólinn Hagaborg lánaði okkur einnig starfsfólk sem gerði okkur kleift að hætta með faliðun rétt fyrir páskana 2023.

Þrátt fyrir þessar áskoranir tókum við virkan þátt í þróunarverkefninu Leikur, nám og gleði í samstarfi við Gullborg og Ægisborg. Leikskólarnir hlutu hvatningarverðlaun skóla og frístundaráðs í janúar 2023. Starfsfólk leikskólanna Grandaborg, Gullborg, Ægisborg og Laugasól fór í sameiginlega námsferð til Stokkhólms í apríl þar sem við heimsóttum leikskólana Valvet og Luxviken. Grandaborg gerði myndband um sýn leikskólans á leik barna í maí og það má eiga von á að það komi í birtingu á næsta skólaári. Í kjölfarið á heimsókninni var farið í þróunarverkefni og samstarf við fjóra skóla í Stokkhólmi til næstu tveggja ára. Þróunarverkefnið byggist á að efla sjálfbærni í leik barna í gegnum bók sem hvert skólateymi vinnur að. Hlutverk kennara verður stór þáttur í að efla sjálfbærnina. Gagnkvæmar heimsóknir milli landa munu eiga sér stað, annars vegar heimsókn til Íslands í október og hins vegar til Stokkhólms í apríl. Næsta skólaár mun því einkennast að þróunarverkefninu auk þess sem aðrir þættir úr Menntastefnu Reykjavíkurborgar og Aðalnámskrá leikskóla er höfð með í starfsháttum.



Næsta skólaár munu 2018 börnin í Grandaborg ásamt fjórum starfsmönnum sameinast 2018 árgangi leikskólanum Gullborg. Við verðum áfram með aðstöðu í húsinu hjá Hagaborginni, þar verða 19 börn af Grandaborg og við fáum til okkar 12 börn frá Hagaborg. Mikil samvinna verður því áfram milli leikskólanna og stjórnendur og starfsfólk jákvætt, við sjáum fyrir okkur að aukinn stöðugleiki verði næsta skólaár en gert er ráð fyrir því að við getum snúið aftur í okkar hús Boðagranda 9 haustið 2024.



Frjáls leikur á Nauthólsvegi



Frjáls leikur í útiveru Klettavík



Öldu- og Skeljavík í heimsókn í vettvangsferð



## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

### 2.1 Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækif. til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lok	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Stjórnun</b>							
<b>Uppeldis- og menntastarf</b>							
<b>Etwinning samvinnuverkefni</b>	Ná árangri í sjálfbærni í leik. Allir þættir menntastærfrnu Rvk. og grunnþættir menntunar verði sýnilegir í leiknum og daglegu starfi.	Samv.verk með skóla í Stokkh. Unnið með ákveðna bók sem valin var af kennurum beggja landa.	Deildastjórnar eru ábyrgðar aðilar en virkja alla kennara til verkefnisins.	Haut 2023	Vor 2025	Reglulegar skráningar á framvindu í frjálsum leik barna.	Að frjálsi leikur barna verði flæðandi og lifandi. Þátttaka kennara verði áberandi og eðlileg.
<b>Mannauður/Leikskólabragur</b>							
<b>Styrkja og viðhalda þeim leikskólabrag</b>	Að viðhalda þeirri menningu sem var og	Að jákvæðni í starfsmannahópnum haldi áfram að vera jákvæð og styrkjandi	Stjórnendateymi og deildarstjórnar	Haut 2023	Vor 2024	Með reglulegum samtölum, Ábendingum á	Að sá leikskólabragur sem var til staðar



sem var í Grandaborg	leggja drög að því sem koma skal.					auðgandi námsefni.	haldist áfram.
Innra mat							

### 3 Innra mat deildar

#### 3.1 Greinagerð deildar

Þar sem skólaárið endaði með einni deild verður ekki farið nánar út í allt starf á deildum heldur horft til þess starfs sem var í húsi á lóð Hagaborgar.

Starfið einkenndist á því að ná áttum eftir vandræði í húsnæðismálum fram að janúar 2023. Eftir að Fjöruvékin sameinaðist Skelja- og Ölduvík í Hagaborg var lögð áhersla á frjálsa leikinn og flæði honum tengdum. Einnig var mikil áhersla á að virkni kennara væri áberandi og tókst það mjög vel. Við flutninga varð breyting í starfsmannahópnum og vegna styrksins innan hópsins sem var til staðar hafði hann áhrif á þá kennara sem komu til starfa. Vegna þess hversu vel tókst að virkja hópinn þá gátum við klárað þróunarverkefnið með Gullborg og Ægisborg sem heitir „Leikur, nám og gleði“. Afrakstur verkefnisins kom út í lok skólaársins með myndbandi sem verður gert opinbert á næsta skólaári.

Næsta skólaár mun einkennast af vinnu við etwinng þróunarverkefni eins og kemur fram í umbótaráætlun Grandaborgar undir liðnum uppeldis- og menntastarf.



## 4 Innra mat sérkennslu

### 4.1 Greinagerð sérkennslustjóra

Síðastliðinn vetur var mjög krefjandi fyrir allt leikskólastarfið en einnig mjög lærdómsríkur. Gott samstarf var við Vesturmiðstöð um þau börn sem þurftu stuðning og almennt vel haldið utan um alla sérkennslu í leikskólanum frá þeirra hendi og fljótt brugðist við þegar þörf var á íhlutun.

Verkefni sérkennslunnar á hverjum tíma helgast af þeim börnum sem eru í leikskólanum og þurfa sérkennslu. Sérkennslustjóri hafði aðkomu að 29 börnum á síðasta skólaári. Auk þess að leggja fyrir **Hljóm-2** fyrir allan 2017 árganginn og fylgja niðurstöðum eftir með foreldrasamtölum og endurtekning á skimun á vori í einhverjum tilfellum.

Í vor voru 48 tímar í skilgreindri sérkennslu sem skiptust á milli tíu barna. Fjórir kennarar auka sérkennslustjóra sinntu sérkennslu í leikskólanum. Einn kennari til viðbótar sinnti **Lubba** starfi á elstu deildinni.

Unnið var eftir aðferðum **TEACCH** með einu barni og atferlisþjáfun með öðru barni. Einnig var stuðst við færnimatið **APES** fyrir nokkur börn. Notast var við „**Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla**“ til skoða stöðu og fylgjast með framförum. Ekki náðist að leggja fyrir **EFI-2** en ný gögn voru keypt í vor þar sem að þau gömlu voru ónothæf vegna myglu í skólahúsnæðinu. **Hljóm-2** var lagt fyrir og prófgögn fengin að láni frá leikskólanum Gullborg. Auka málörvunar fór fram í málörvunarstundum í hádegissamveru og mikil áhersla lögð á málörvun í öllum aðstæðum leikskóladagsins.

Teymisfundir með foreldum og ráðgjöfum frá Vesturmiðstöð voru reglulega. Í vetur voru það Inga Aronsdóttir sérkennsluráðgjafi og Guðrún Jóhanna Rafnsdóttir hegðunarráðgjafi sem komu á teymisfundi, Íris Dögg Rúnarsdóttir talmeinafræðingur, María Rós Arngrímsdóttir talmeinafræðingur og Ingibjörg Rúnarsdóttir talmeinafræðingur hafa komið til að leggja fyrir mat á málproska og í kjölfarið verið með skilafundi fyrir starfsfólk leikskólans og foreldra. Einnig veitti félagsráðgjafi í þjónustumiðstöð okkur ráðgjöf. Samvinna var við Heilsugæslu Seltjarnarsess og hefur María Huld Ingólfssdóttir sálfræðingur komið og hitt hér börn og foreldra auk þess að vera með ráðgjöf fyrir foreldra utan leikskólans. Við fengum aðstoð frá Brúarsmiðum Miðju Máls og Læsis, MML, sem kom á fund með foreldrum.





## 4.2 Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækif. til umbóta	Aðg. til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>EFI – athugunarlisti</b>			Sérk.stjóri/ Aðst.sk.stjóri	Haut 2023	Vor 2024	EFI könnunarl.	Að öll börn sem falla undir viðmið verði metin og unnið með niðurstöður.
<b>Lubbastundir</b>	Efla hljóðfærni hjá öllum börnum	Sérstakar Lubbastundir hjá öllum börnum	Umsjón.aðili Lubbastunda og sérkennslu- stjóri	Haut 2023	Haut 2024	Tvisvar yfir skólaárið farið yfir þau hljóð sem búið er að leggja inn.	Miðað við aldur verði börnin búin að þekkja bókstafi og vita hljóðið þeirra.

## 5 Innra mat – fjöltyngd börn

### 5.1 Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Unnið var í litlum hópum þar sem styrkleikar hvers og eins barns voru hafðir að leiðarljósi.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Allir kennarar voru til staðar fyrir barnahópin og lögðu áherslu á að ræða við hvert og eitt.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Farið var dýpra í orðaforðann með einstaklingsamtölum og einnig voru allir virkjaðir í Lubbastundum.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Orðaspjall og Orðagull var haft að leiðarljósi við athugun á framförum fjöltyngdra barna .





Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Allar daglegar stundir eru nýttar undir að styrkja íslensku kunnáttu barna hvort sem þau eru með annað heimamál en íslensku eða ekki. Mikilvægast er að tala við börnin á íslensku.
--	---

## 5.2 Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerð ir til umbót a	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Myndrænt skipulag / boðskipti með aðstoð mynda</b>	Auka færni barna til að eiga í samskiptu m og geta tjáð sig.	Hafa skipulag og tjáskipti í myndræ nu formi	Tengiliður fjölmennin ar	Haust 2023	Vor 2024	Hæfnisrammar fyrir fjöltyngd börn í leikskóla	Að barnið geti tjáð sig í orðum á íslensku
<b>Lubbastundir</b>	Fá tengingu við íslenska tungu	Fá að vera þátttaka ndi í sem flestum Lubbast undum	Tengiliður fjölmennin ar og umsjón.i Lubbastund a	Haust 2023	Vor 2024	Hæfnisrammar fyrir fjöltyngd börn í leikskóla	Að barnið þekki íslensk málhljóð

## 6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla

### 7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Heimsóknir elstu barna voru gagnkvæmar milli skóla sem eiga Grandaskóla sem heimaskóla. Heimsóknir elsta árgang í Grandaskóla voru ekki samkvæmt áætlun fyrra árs og urðu þær ekki virkar fyrr en stjórnendur Grandaborgar sóttust eftir þeim. Farið var í stuttar heimsóknir



í skólstofu, bókasafn, frístund og á skólalóð.

Vegna breytinga og aðstæðna verða engin börn fædd 2018 í Grandaborg komandi skólaár.

## 8 Foreldrasamvinna

Eins og undanfarin ár hefur samvinna við foreldra einkennst af jákvæðum, styrkjandi og skilningsríkum samskiptum. Foreldrar héldu sáú til þess að viðburðir sem höfðu verið á þeirra herðum héldu sér m.a. jólaball sem haldið var í sal Neskirkju. Árlegir kynningarfundir féllu niður.

Foreldrasamtöl voru haldin að vori á öllum deildum. Fundað var með foreldraráði um gang mála í framkvæmdum í Grandaborg. Ekki hefur verið kosið í stjórn nýs foreldraráðs og gera má ráð fyrir að það verði ekki gert fyrr en farið verður aftur inn í húsnæðið við Boðagrandu. Lagt verður þó upp með að vera í góðum samskiptum við alla forelda og kynnt verði fyrir þeim um gang mála hverju sinni.

## 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaársins verða í samvinnu við Hagaborg vegna þeirrar blöndunar sem á sér stað á milli skólanna. Skipulagsdagar verða sex;

21. ágúst	Undirbúningur fyrir skólaárið 2023-2024
16. október	Kynning á þróunarverkefni Grandaborgar
8. janúar	Mat á fyrri hluta skólaársins og unnið með félagsfærni KVAN
2. apríl	Undirbúningur fyrir seinni hluta foreldrasamtala
17. maí	Endurmat á seinni hluta skólaársins 2023-2024
7. júní	Kynnisferð kennara í aðra leikskóla

## 10 Fylgigögn

### 10.1 Skóladagatal 2023-2024

F. h. leikskólans .....

*Helena Jónsdóttir*

Leikskólastjóri

*14. nóvember 2023*

Dagsetning



# Starfsáætlun 2023 – 2024

## Nafn leikskóla

### Umsögn foreldraráðs

**Foreldraráð leikskólans skipa:**

XXXXX XXXXX

XXXXX XXXXXXXX

XXXXX XXXXXXX

**Um starfsáætlanir leikskóla**



Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

## Mat á leikskólastarfi



Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

### **Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

### **Umsögn foreldraráðs:**





# Leikskóladagatal 2023 - 2024

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ Sumarfrí	1 F	1 S	1 M	1 F Fullveldisdagurinn Jólaleiksyning með Hagaborg	1 M Nýársdagur	1 F	1 F	1 M Annar í Páskum	1 M Verkalýðsdagurinn	1 L	1 M
2 M Sumarfrí	2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ Skipulagsdagur	2 F	2 S Sjómennadagurinn	2 Þ
3 F Sumarfrí	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 F Sumarfrí	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F Erasmusfundur Laugasól	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F Afmælisdagur - Hattar
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 L Þrettándinn	6 Þ Dagur leikskólans	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L
7 M Fridagur verslunarmanna	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M Dagur tónlistarskólans	7 F	7 S	7 Þ	7 F Skipulagsdagur	7 S
8 Þ Sumarfrí	8 F Dagur læsis	8 S	8 M Erasmusfundur í Gullborg Baráttudagur gegn einelti	8 F Afmælisdagur - Jóln	8 M Skipulagsdagur	8 F	8 F Afmælisdagur - Yfirvaraskegg	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M Sumarfrí	9 L	9 M	9 F Afmælisdagur - Blár og vasalj	9 L	9 Þ	9 F Afmælisdagur - Dótadagur	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M Erasmusfundur í Tjörninni	10 F Afmælisdagur - Grænn	10 M	10 M Sumarfrí til og með 7.júgúst
11 F Afmælisdagur - Regnbogi	11 M	11 M	11 L Erasmusfundur í Grandaborg	11 M	11 F	11 S	11 F	11 F	11 L	11 Þ	11 F Sumarfrí
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F Afmælisdagur - Dótadagur/bækur	12 M	12 F	12 F Afmælisdagur - Gulur	12 S	12 M	12 F Sumarfrí
13 S	13 M	13 F Erasmusfundur í Tjörn	13 M	13 M	13 L	13 Þ	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 S	14 Þ	14 F Afmælisdagur - Isl. fánalitr	14 S
15 Þ	15 F Afmælisdagur - Haustlitr	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M Sumarfrí
16 M	16 L	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ Sumarfrí
17 F	17 S	17 Þ	17 F Erasmusgestir frá Svíþjóð	17 F	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F	17 M	17 M Sumarfrí
18 F	18 M	18 M	18 L Erasmusgestir frá Svíþjóð	18 L	18 M	18 F	18 S	18 F	18 F	18 Þ	18 F Sumarfrí
19 L	19 Þ	19 F	19 S Erasmusgestir frá Svíþjóð	19 S	19 M	19 L	19 M	19 F	19 F	19 M	19 F Sumarfrí
20 S	20 M	20 F	20 M Erasmusgestir frá Svíþjóð	20 M	20 L	20 M	20 L	20 M	20 M	20 F	20 L
21 M Skipulagsdagur	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S Sumarhátíð
22 Þ aðlögun á milli deilda	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 L	22 F	22 M	22 L	22 M Sumarfrí
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ Sumarfrí
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 L	24 S	24 F	24 M	24 M	24 M Sumarfrí
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 S	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F Sumarfrí
26 L	26 Þ	26 F Evrópski tungumáladagurinn	26 S	26 F	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F Sumarfrí
27 S	27 M	27 F	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F	29 M	29 M	29 L	29 M Sumarfrí
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 M	30 L	30 F	30 S	30 S	30 Þ Sumarfrí
31 F	31 Þ	31 Þ	31 S	31 S	31 M	31 M	31 S	31 F	31 F	31 M	31 M Sumarfrí

### Í reglum um leikskólalögnunstu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólalögnir lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allur samúdi eða loki samfelld í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla-